

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1843**

2020/EES/16/05

frá 23. nóvember 2018

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 að því er varðar umfang sniðmáts vegna upplýsinga um  
iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað eftir löndum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) <sup>(1)</sup>, einkum 56. gr. og 5. mgr. 256. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 <sup>(2)</sup> er ekki tilgreint með nægjanlega skýrum hætti við hvaða skilyrði váttrygginga- og endurtryggingafélög eru ekki krafín um birtingu sniðmátsins sem sett er fram í þætti S.05.02. Til að gera váttrygginga- og endurtryggingafélögum kleift að ákvarða skuldbindingar sínar með vissu ætti að skýra almennu athugasemdirnar, sem settar eru fram í þætti S.05.02 í II. og III. viðauka við þá reglugerð, hvað það varðar.
- 2) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 til samræmis við það.
- 3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða-efirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 4) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 <sup>(3)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 299, 26.11.2018, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjútíð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1285).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

- 1) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452, í þætti S.05.02 — Iðgjöld, tjón og rekstrarkostnaður eftir löndum, undir fyrirsögninni „Almennar athugasemdir“ kemur eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar:

„Þessi þáttur tengist árlegri birtingu upplýsinga vegna einstaka aðila. Vátrygginga- og endurtryggingafélög eru ekki krafín um að birta sniðmát S.05.02.01 í I. viðauka ef heimaríkið stendur fyrir 90% eða meira af vergum bókfærðum heildariðgjöldum.“

- 2) Í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452, í þætti S.05.02. — Iðgjöld, tjón og rekstrarkostnaður eftir löndum, undir fyrirsögninni „Almennar athugasemdir“, komi eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar:

„Þessi þáttur tengist árlegri birtingu upplýsinga vegna samstæðna. Hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélag á fjármálasviði eru ekki krafín um að birta sniðmát S.05.02.01 í I. viðauka, ef heimaríkið stendur fyrir 90% eða meira af vergum bókfærðum heildariðgjöldum.“

---